

131. löggjafarþing 2004 – 2005.  
Þskj. 848 – 561. mál.

## Fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum

**Frá Margréti Frímansdóttur.**

### Munnlegt svar.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður Margrét Frímansdóttir, hefur beint til mín munnlegri fyrirspurn um viðbrögð við óskum fangelsismálastofnunar um úrbætur í geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsanna.

Háttvirtur þingmaður vekur hér máls á mjög mikilvægum þætti. Sem kunnugt er er heilbrigðisþjónusta við fanga á Íslandi á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda. Undanfarin ár hefur margt verið gert til þess að bæta þessa þjónustu, bæði hina almennu lækniþjónustu í fangelsum, sem og geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Heilbrigðisvandamál fanga eru að sjálfsögðu af ýmsum toga og einungis hluti þeirra verður leystur innan veggja fangelsanna með þeim úrræðum sem þar bjóðast, fangar njóta því einnig annarra úrræða heilbrigðisþjónustunnar utan fangelsa eftir því sem atvik og sjúkdómar krefjast.

Þjónustusamningar eru við þær heilbrigðisstofnanir sem nálægastar eru fangelsunum, svo sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna þjónustu við fangelsið að Litla-Hrauni, og Heilsugæslustöðina á Akureyri vegna þjónustu við fangelsið þar.

Af hálfu heilbrigðisstarfsmanna, Fangelsismálastofnunar og annarra aðila, svo sem erlendra eftirlitsnefnda, sem og Umboðsmanns Alþingis hefur verið lögð áhersla á að auka þjónustu geðlækna. Við fangelsið á Litla-Hrauni hefur verið fjórðungsstaða geðlæknis en annars staðar hefur sú þjónusta verið keypt eftir þörfum fangelsanna, svo sem á Akureyri.

Ég get upplýst Alþingi um það hér að ég hef nýlega heimilað Heilbrigðisstofnun Suðurlands að auka verulega þjónustu geðlækna við Fangelsið á Litla-Hrauni, með því að veita stofnuninni heimild til að auglýsa eftir sérfræðingi í geðsjúkdómum í hálfu stöðu til viðbótar þá fjórðungsstöðu sem fyrir var, geðlækniþjónusta þrefaldast því frá því sem nú er. Í tölum þýðir þetta að á þessu ári voru fjárveitingar auknar um 18 m.kr. til að efla heilbrigðisþjónustu við fanga og auk þess voru veittar 4,8 m.kr. til réttargeðdeildarinnar að Sogni til að standa undir viðbótarstöðu geðlækna. (Birtist einmitt auglýsing um lausa stöðu geðlækna við Heilbrigðisstofnun Suðurlands síðasta sunnudag í Morgunblaðinu og á Starfatorgi.)

Frekari aukning á þjónustu við fanga mun verða í sífelldu endurmati, einkum hafa sjónir manna beinst að vandamálum fíknar og geðsjúkdóma og mun af hálfu ráðuneytisins áfram vera unnið að því að bæta eftir fremsta megni þessa þjónustu í fangelsum landsins.

Virðulegi forseti.

Ég vona að ofangreindar upplýsingar, þar sem fram kemur að um þreföldun geðlæknisþjónustu á Litla-Hrauni er að ræða, svari spurningum háttvirts þingmanns.

---

**(Talað orð gildir)**